# Traust til stofnana 2026

Borgarstjórn Reykjavíkur

# Framkvæmdalýsing

| **Lýsing á rannsókn** | |
|---|---|
| Markmið | Að kanna traust almennings til stofnana og embætta, auk breytinga þar á |
| Framkvæmdatími | 15. janúar - 4. mars 2026 |
| Aðferð | Traustsmælingunni var skipt upp í nokkra hluta og hver svarandi fékk 13 til 14 stofnanir. Það eru á bilinu 787 til 818 svarendur á bak við hverja stofnun. |
| Úrtak | 11035 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup |

| **Stærð úrtaks og svörun** | |
|---|---|
| Úrtak | 11035 |
| Svara ekki | 6221 |
| Fjöldi svarenda | 4814 |
| Þátttökuhlutfall | **43,6%** |

Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki, stofnun eða einstaklingi sem hana keypti.
Gallup er aðili að ESOMAR.
Allur réttur áskilinn: © Gallup.

ESOMAR member

# Helstu niðurstöður

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...? - Mikið traust (%)




Samanburður við aðrar stofnanir og embætti

# Hversu vel eða illa þekkir þú til starfsemi...? - Þekkja vel (%)




Samanburður við aðrar stofnanir og embætti

# Greining á hlutfalli þeirra sem þekkja vel til starfsemi og bera mikið traust til

Hlutfall sem ber mikið traust (%)




Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

Hlutfall sem þekkir vel til starfsemi (%)




Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

# Samanburður við aðrar stofnanir og embætti þegar kemur að trausti og þekkingu




Á myndinni hér til hliðar má sjá stöðu mældra stofnana og embætta þegar kemur að **þekkingu** (hversu vel svarendur þekkja til starfsemi stofnunar/embættis) og **trausti** (hversu mikið eða lítið traust svarendur bera til stofnunar/embættis).
Ljósblái punkturinn sýnir staðsetningu **Borgarstjórnar Reykjavíkur** og grænu punktarnir sýna stöðu annarra mældra stofnana/embætta.

Skurðpunktar ásanna miða við 4,5 á traustsásnum og 3,2 á þekkingarásnum sem er meðaltal allra mældra stofnana/embætta á hvorri spurningu fyrir sig.

Hafa ber í huga að traust er mælt á kvarðanum 1-7 en þekking á kvarðanum 1-5.

Eftir því í hvaða fjórðungi stofnun/embætti er staðsett má sjá hvort þekking á stofnun/embætti sé meiri eða minni og hvort traust til hennar/þess sé meira eða minna.
**Dæmi:** Staðsetning á efri fjórðungi vinstra megin merkir að svarendur þekkja vel til starfsemi stofnunar/embættis en bera minna traust til hennar/þess.

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...? - Mikið traust (%)




Samanburður við stofnanir sem birtar eru undir merkjum Þjóðarpúls Gallup í febrúar 2026

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...? - Meðaltal (1-7)




Samanburður við stofnanir sem birtar eru undir merkjum Þjóðarpúls Gallup í febrúar 2026

# Breyting á trausti frá síðustu mælingu (meðaltal)



# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...?

**Samanburður við almenningsþjónustu og fleiri stofnanir sem birtar eru undir merkjum Þjóðarpúls Gallup í febrúar 2026**




| Mánuðir › | 2016-02 | 2017-02 | 2018-02 | 2019-02 | 2020-02 | 2021-02 | 2022-02 | 2023-02 | 2024-02 | 2025-02 | 2025-03 | 2026-02 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnun/Embætti | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (% |
| Landhelgisgæslan | 92 | 92 | 91 | 89 | 89 | 86 | 87 | 90 | 91 | 86 | | 83 |
| Háskóli Íslands | 72 | 76 | 74 | 74 | 70 | 77 | 77 | 73 | 73 | 69 | | 66 |
| Heilbrigðiskerfið | 46 | 62 | 65 | 69 | 71 | 77 | 71 | 57 | 57 | 63 | | 59 |
| Þjóðkirkjan | 39 | 38 | 30 | 30 | 31 | 32 | 29 | 27 | 26 | 43 | | 48 |
| Seðlabanki Íslands | 29 | 33 | 34 | 31 | 45 | 62 | 52 | 39 | 32 | 43 | | 45 |
| Ríkissáttasemjari | 48 | 48 | 47 | 48 | 41 | 52 | 49 | 51 | 55 | 49 | | 43 |
| Bankakerfið | 12 | 14 | 20 | 20 | 21 | 26 | 23 | 18 | 16 | 21 | | 21 |
| Borgarstjórn Reykjavíkur | 19 | 19 | 24 | 16 | 17 | 22 | 21 | 13 | 19 | 9 | 17 | 13 |

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...?

## Mikið traust (%) - Stjórnmál, eftirlit, dómstólar




| Mánuðir | 2016-02 | 2017-02 | 2018-02 | 2019-02 | 2020-02 | 2021-02 | 2022-02 | 2023-02 | 2024-02 | 2025-02 | 2025-03 | 2026-02 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnun/Embætti | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (%) | Mikið traust (% |
| Lögreglan | 74 | 85 | 77 | 83 | 78 | 72 | 78 | 69 | 70 | 70 | | 69 |
| Embætti forseta Íslands | 57 | 83 | 80 | 83 | 79 | 80 | 73 | 73 | 71 | 60 | | 56 |
| Dómskerfið | 32 | 43 | 36 | 47 | 37 | 46 | 40 | 37 | 39 | 45 | | 48 |
| Umboðsmaður Alþingis | 52 | 51 | 52 | 55 | 53 | 49 | 51 | 46 | 46 | 53 | | 48 |
| Ríkissaksóknari | 51 | 50 | 48 | 51 | 42 | 47 | 44 | 41 | 44 | 38 | | 39 |
| Alþingi | 17 | 22 | 29 | 18 | 32 | 34 | 36 | 25 | 27 | 34 | | 35 |
| Borgarstjórn Reykjavíkur | 19 | 19 | 24 | 16 | 17 | 22 | 21 | 13 | 19 | 9 | 17 | 13 |

# Ítarlegar niðurstöður

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...?

## Nýjasta mæling

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Fullkomið traust (7) | 7 | 0,9 | 0,7 |
| Mjög mikið (6) | 30 | 4,1 | 1,4 |
| Frekar mikið (5) | 60 | 8,2 | 2,0 |
| Hvorki né (4) | 186 | 25,5 | 3,2 |
| Frekar lítið (3) | 144 | 19,7 | 2,9 |
| Mjög lítið (2) | 145 | 19,8 | 2,9 |
| Alls ekkert traust (1) | 159 | 21,8 | 3,0 |
| Fjöldi svara | 730 | | |
| Tóku afstöðu | 730 | 92,4 | |
| Tóku ekki afstöðu | 60 | 7,6 | |
| Fjöldi svarenda | 790 | 100,0 | |
| Meðaltal (1-7) | 2,9 | | |
| Vikmörk ± | 0,1 | | |
| Staðalfrávik | 1,5 | | |




## Samanburður á meðaltali (1-7)




## Borgarstjórn Reykjavíkur




Tímabil: Month

## Samanburður á meðaltali (1-7)



# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...? - Meðaltal (1-7)




Samanburður við aðrar stofnanir og embætti

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...?




*Marktækur munur á meðaltölum milli tímabila

a+/-....marktækur munur á meðaltölum milli hópa

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...?




*Marktækur munur á meðaltölum milli tímabila

a+/-....marktækur munur á meðaltölum milli hópa

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

# Hversu mikið eða lítið traust berð þú til...?




*Marktækur munur á meðaltölum milli tímabila

a+/-....marktækur munur á meðaltölum milli hópa

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

# Hversu vel eða illa þekkir þú til starfsemi...?

## Nýjasta mæling

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög vel (5) | 90 | 12,2 | 2,4 |
| Frekar vel (4) | 266 | 36,0 | 3,5 |
| Hvorki vel né illa (3) | 251 | 34,0 | 3,4 |
| Frekar illa (2) | 70 | 9,4 | 2,1 |
| Mjög illa (1) | 62 | 8,4 | 2,0 |
| Fjöldi svara | 740 | | |
| Tóku afstöðu | 740 | 93,6 | |
| Þekki ekkert til starfsemi | 21 | 2,7 | |
| Tóku ekki afstöðu | 29 | 3,7 | |
| Fjöldi svarenda | 790 | 100,0 | |
| Meðaltal (1-5) | 3,3 | | |
| Vikmörk ± | 0,1 | | |
| Staðalfrávik | 1,1 | | |




## Samanburður á meðaltali (1-5) - nýjasta mæling




## Borgarstjórn Reykjavíkur




Tímabil: Month

## Samanburður á meðaltali (1-5)



# Hversu vel eða illa þekkir þú til starfsemi...? - Meðaltal (1-5)




Samanburður við aðrar stofnanir og embætti

# Hversu vel eða illa þekkir þú til starfsemi...?




a+/-....marktækur munur á meðaltölum milli hópa

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

# Hversu vel eða illa þekkir þú til starfsemi...?




*Marktækur munur á meðaltölum milli tímabila

a+/-....marktækur munur á meðaltölum milli hópa

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

# Hversu vel eða illa þekkir þú til starfsemi...?




*Marktækur munur á meðaltölum milli tímabila

a+/-....marktækur munur á meðaltölum milli hópa

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

# Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

## Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög ánægð(ur) (5) | 527 | 45,0 | 2,8 |
| Frekar ánægð(ur) (4) | 494 | 42,2 | 2,8 |
| Hvorki né (3) | 106 | 9,0 | 1,6 |
| Frekar óánægð(ur) (2) | 30 | 2,5 | 0,9 |
| Mjög óánægð(ur) (1) | 15 | 1,3 | 0,6 |
| Ánægð(ur) | 1.021 | 87,2 | 1,9 |
| Hvorki né | 106 | 9,0 | 1,6 |
| Óánægð(ur) | 44 | 3,8 | 1,1 |
| Fjöldi svara | 1.171 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 1.171 | 67,6 | |
| Tóku ekki afstöðu | 560 | 32,4 | |
| Fjöldi aðspurðra | 1.731 | 100,0 | |
| Spurð | 1.731 | 50,4 | |
| Ekki spurð | 1.704 | 49,6 | |
| Fjöldi svarenda | 3.435 | 100,0 | |
| **Meðaltal (1-5)** | **4,3** | | |
| Vikmörk ± | 2,8 | | |

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að 45% þátttakenda eru mjög ánægð með það sem spurt var um og ríflega 42% frekar ánægð. Ef teknir eru saman þau sem segjast frekar og mjög ánægð má sjá að í heildina eru rúmlega 87% ánægð með málefnið. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 32,4%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög ánægð(ur) (fj. x 5) + frekar ánægð(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar óánægð(ur)(fj. x 2) + mjög óánægð(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

**Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)**

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 42,2% til 47,8% (45,0% +/- 2,8%) verið mjög ánægð með málefnið. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum.




**Greiningar og marktekt**

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir ofan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 40% karla eru mjög ánægðir með málefnið á móti 49% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjörnumerktur, eins og í tilfelli kynja spurningarinnar í greiningunni hér fyrir ofan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgráar til áherslu. Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktektar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir ofan má sjá að einstaklingar eldri en 60 ára eru ánægðari með málefninð en þeir sem yngri eru og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldri eigi sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar). Lengst til hægri á myndinni hér fyrir ofan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal einstaklinga á aldrinum 30-39 ára hefur lækkað um 0,2 stig frá síðustu mælingu (er nú 4,3 og var síðast 4,5). Stjörnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að einstaklingar á aldrinum 30-39 ára séu nú að jafnaði síður ánægðari með málefnið en þeir voru í síðustu mælingu.